

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um nauðungarsölu, lögum um aðför, lögum um meðferð einkamála, lögum um fjármálfyrirtæki og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. (auglýsing nauðungarsölu, mál til heimtu bóta, gjafsókn, vörslusviptingar, úthlutun úr þrotabúi).

(Eftir 2. umræðu, 19. júní.)

I. KAFLI

Breyting á lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir orðinu „dagblaði“ í 2. mgr. 26. gr. laganna kemur: á vef sýslumanna.

2. gr.

Á eftir orðinu „dagblaði“ í 1. másl. 1. mgr. 64. gr. laganna kemur: á vef sýslumanna.

3. gr.

Í stað orðsins „þrír“ í 88. gr. laganna kemur: sex.

4. gr.

Við lögin bætast tvö ný ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

a. (I.)

Fram til ársloka 2013 skal frestur til að höfða mál til heimtu bóta skv. 88. gr. vera tólf mánuðir.

b. (II.)

Sýslumaður skal gæta þess af sjálfsdáðum að uppboðsandvirði verði ekki ráðstafað til greiðslu kröfu ef hún er umdeild í ljósi hæstaréttardóma sem gengið hafa um lögmaeti og endurreikning gengistryggðra lána.

II. KAFLI

Breyting á lögum um aðför, nr. 90/1989, með síðari breytingum.

5. gr.

Í stað orðsins „þrír“ í 98. gr. laganna kemur: sex.

6. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Fram til ársloka 2013 skal frestur til að höfða mál til heimtu bóta skv. 98. gr. vera tólf mánuðir.

III. KAFLI

Breyting á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum.

7. gr.

Í stað 1. mgr. 126. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Gjafssókn verður aðeins veitt ef málstaður umsækjanda gefur nægilegt tilefni til máls-höfðunar eða málsvarnar og öðru hvoru eftirfarandi skilyrða er að auki fullnægt:

- a. að fjárhag umsækjanda sé þannig háttáð að kostnaður af gæslu hagsmunu hans í máli yrði honum fyrirsjáanlega ofviða, enda megi teljast eðlilegt að öðru leyti að gjafssókn sé kostuð af almannafé,
- b. að úrlausn máls hafi verulega almenna þýðingu eða varði verulega miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um skilyrði gjafssóknar, þ.m.t. hvenær nægilegt tilefni sé til veitingar gjafssóknar, þau atriði sem líta ber til við mat á fjárhagsstöðu umsækjanda og heimildir til takmörkunar á gjafssókn skv. 1. mgr. 127. gr.

8. gr.

Við lögini bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Án tillits til þeirra fresta sem greindir eru í 1. mgr. 137. gr. getur þrotamaður, þrátt fyrir að útivist hafi verið af hans hálfu, krafist endurupptöku gjaldþrotaúrskurðar í máli þar sem skiptum á búi hans er ekki lokið, enda leiði hann líkur að því að greiðsluerfiðleika hans sé að rekja til gengistryggðra lána. Ákvæði þetta gildir til loka árs 2013. Ákvæði þetta á ekki við um lögaðila.

IV. KAFLI

Breyting á lögum um fjármálaufyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

9. gr.

Við lögini bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 2. mgr. 22. gr. er fjármálaufyrirtækjum og fjármálaufyrirtækjum í slitameðferð ekki heimilt að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu með vörlusviptingu ef krafan er umdeild í ljósi hestaréttardóma sem gengið hafa um lögmæti og endurreikning gengis-tryggðra lána. Dómari tekur afstöðu til þess hvort réttur fjármálaufyrirtækis sé svo ótvíraður að heimila megi vörlusviptingu.

Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnavaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn ákvæði þessu, sbr. 110. gr.

Ákvæði þetta gildir til loka árs 2013.

V. KAFLI

Breyting á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum.

10. gr.

Við lögini bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Skiptastjóri skal, við úthlutun skv. XXII. kafla, gæta þess af sjálfsdáðum að söluvirði eignar verði ekki ráðstafað til greiðslu kröfu ef hún er umdeild í ljósi hestaréttardóma sem gengið hafa um lögmæti og endurreikning gengistryggðra lána.

11. gr.

Við löginn bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrotamanni er heimilt að leita úrlausnar héraðsdómara um gildi sölu fasteignar samkvæmt ákvörðun veðhafafundar til fullnustu kröfу sem er umdeild í ljósi hæstaréttardóma um lögmæti og endurreikning gengistryggðra lána, enda hafi kaupandi jafnframt verið eigandi hinnar umdeildu kröfу og hann er eigandi uppboðsandlags. Að kröfу þrotamanns er sala til fullnustu kröfу samkvæmt framansögðu ógild. Ákvæði þetta gildir til loka árs 2013.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 15. júlí 2012.

